

ÁRSSKÝRSLA

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS



1985-1986

STÖRF STJÓRNAR

Á 25. ársþingi KKÍ voru eftirtalin kjörin í stjórn sambandsins fyrir starfsárið 1985-1986.

Formaður:

Björn M. Björgvinsson

Stjórnarmenn til tveggja ára:

Kristinn Albertsson

Hörður Gunnarsson

Sjálfkjörinn til eins árs:

Hilmar Gunnarsson

Þóra Steffensen

Í varastjórn voru kjörin:

Eiríkur Ingólfsson

Björn Sigurðarson

Stjórnarmenn skiptu með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Björn M. Björgvinsson, formaður

Hilmar H. Gunnarsson, varaformaður

Kristinn Albertsson, gjaldkeri

Þóra Steffensen, ritari

Hörður Gunnarsson, meðstjórnandi

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN 1985-1986.

<u>MÓTANEFND:</u>	Hörður Gunnarsson Hilmar H. Gunnarsson Þóra Steffensen
<u>DÓMARANEFND:</u>	Bergur Steingrímsson Ómar Scheving Kristinn Albertsson
<u>E.M. NEFND:</u>	Guðmundur Þorsteinsson Sigurður Hjörleifsson Björn M. Björgvinsson
<u>LANDSLIÐSNEFND:</u>	Kristinn Jörundsson Helgi Helgason Gunnar Þorvarðarson
<u>KVENNALANDSLIÐSNEFND:</u>	Þóra Steffensen Auður Rafnsdóttir Margrét Eiríksdóttir Vala Úlfljótsdóttir
<u>UNGLINGANEFND:</u>	Jón Sigurðsson Torfi Magnússon Björn Leósson Sigvaldi Ingimundarson
<u>AGANEFND:</u>	Jón Eysteinnsson Sigurður Þórarinnsson Hrafn G. Johnsen
<u>DÓMSTÓLL:</u>	Árni Guðmundsson Gísli Gíslason Kristinn Guðnason
<u>ENDURSKOÐENDUR:</u>	Gunnar Gunnarsson Sigurður Valur Halldórsson
<u>FRAMKVÆMDASTJÓRI:</u>	Kristinn Albertsson
<u>LANDSLIÐSÞJÁLFARI:</u>	Einar G. Bollason

Upplýsingar um störf einstakra nefnda koma fram í skýrslun þeirra.

SKIPUN NEFNDA

Fyrsta verk nýkjörinnar stjórnar var leit að starfskröftum til setu í nefndum KKÍ. Einkum voru það tvær nefndir sem erfiðlega gekk að manna þ.e. Mótanefnd og nefnd til að sjá um C-Riðil Evrópumeistaramóts landsliða. Eftir mikla leit og mæðu ákvað stjórnin að tilnefna stjórnarmenn í Mótanefnd og E.M. nefnd.

DÓMARAMÁL

Á síðasta ársþingi var ákveðið að endurráða ekki enska dómarann Robert Iliffe.

Sú nýlunda varð í dómaramálum í vetur að dómarar báru í fyrsta sinn auglýsingar á búningum sínum.

FJÁRMÁL

Miklar umræður urðu á síðasta ársþingi um fjármál KKÍ og hinna ýmsu nefnda sambandsins. Eftir allar þær breytingatillögur sem samþykktar voru þá var ljóst að við ákveðinn vanda var að etja. Allir stjórnarmenn KKÍ voru komnir í tvöfalda vinnu hjá sambandinu og því eðlilega ekki tilbúnir til tímafrekra fjárafzlanna.

ÚTGÁFUSTARF - FRÆÐSLUSTJÓRI

Fræðslustjóri var settur af í byrjun vetrar og var það liður í sparnaði sambandsins þetta starfsár. Þó var unnið að útgáfu æfingasafns sem væntanlega kemur út n.k. haust.

Eitt fréttabréf var gefið út og var það tileinkað úrslita-keppninni.

ALLSHERJARNEFNDAFUNDIR

Þrjár fundir voru haldnir 3. desember 1985, 4. febrúar 1986 og 30. apríl 1986. Mestur tíminn fór í umræður um fjármál. Á þriðja fundi var rætt um tillögu að breyttu keppnisfyrirkomulagi í Úrvalsdeild.

BLAÐASKRIF

Nokkur blaðaskrif urðu um landsliðsmál kvenna s.l. vetur. Einhver misskilningur var þar á kreiki sem ekki tókst að leysa.

Einnig má nefna ádrepu frá húsmóður á Blöndósi vegna Grunnskólamóts KKÍ.

FUNDIR

Formaður og varaformaður sátu fundi bæði á vegum ÍSÍ og annarra félaga og nefnda.

Íþróttaping ÍSÍ verður haldið 13.-14. september n.k.

BIKARKEPPNI - SKÓLAMÓT

Bikarkeppni KKÍ var breytt á síðasta ársþingi. Skiptar skoðanir eru um þær breytingar.

Skólamót KKÍ var að venju haldið. Mjög góð þátttaka var í Grunnskólamótinu en frekar dræm í framhaldsskólamótinu.

KEPPNISFYRIRKOMULAG

Stöðugar umræður eru um núverandi keppnisfyrirkomulag í Úrvalsdeild.

Yngri flokkar kepptu samkvæmt nýju fyrirkomulagi í vetur og eru flestir ánægðir með þá breytingu.

AFMÆLISFAGNAÐUR

Reynt var að koma á afmælisfagnaði vegna 25 ára afmælis KKÍ. Vegna áhugaleysis var fallið frá þeirri hugmynd.

LOKAHÓF KKÍ

Sú nýbreytni var höfð við Lokahóf KKÍ að það var haldið strax á eftir bikarúrslitaleikjunum í meistaraflokki. Það var samdóma álit flestra að vel hafi tekist til.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Starfssvið mótanefndar var það sama síðastliðinn vetur og áður þ.e.a.s. skipulagning Íslandsmóts og bikarkeppni allra flokka, svo og ákvarðanataka um frestanir og breytingar er nefndinni bærust. Reglulegir fundir voru haldnir hvern mánudag og þá rædd mál sem fyrir lágu hverju sinni. Við niðurröðun á Íslandsmóti og bikarkeppni, sem var viðamesta og tímafrekasta verkefni nefndarinnar, naut "mótanefnd", sem í upphafi var einungis skipuð Herði Gunnarssyni, sérstakrar hjálpsemi Kolbrúnar Jónsdóttur, sem kom okkur inn í þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við verkefni sem þetta og Kristins Albertssonar framkvæmdastjóra KKÍ, sem vann að þessum málum langt umfram það sem honum bar. Kristinn setti niðurröðun mótsins inn í tölvu, en það auðveldaði mjög alla vinnu við breytingar sem upp komu og er þetta í fyrsta skipti sem slík vinnubrögð eru viðhöfð innan KKÍ. Markmið okkar var að koma Mótabók út fyrir byrjun Íslandsmóts, sem og tókst. Mótanefnd vill færa þeim báðum sérstakar þakkir fyrir veitta aðstoð.

Hins ber einnig að geta, að enn betur hefði getað tekist til við niðurröðun Ísl. mótsins ef forráðamenn félaganna hefðu sinnt því að svara beiðni okkar um breytingartillögur á uppkasti Ísl. mótsins sem þeir fengu sent til umsagnar, áður en mótabók fór í prentun. Því miður komu fáar sem engar óskir fram um breytingar fyrr en mótið var hafið.

Ákvarðanataka um frestun leikja var erfiðast og umdeildast í starfi mótanefndar nú eins og oftast áður. Þetta er alltaf matsatriði hverju sinni, þó svo að íþróttahúsin a.m.k. í Reykjavík og Hafnarfirði ráði að miklu leyti ferðinni hvað þessi tvö bæjarfélög varðar. Forsendur fyrir frestunum eru oft mjög hægðar og því miður bar við að rökstuðningur sem lá að baki var hrein lygi. Slík vinnubrögð eru engum til sóma og væru best lögð niður sem fyrst.

Framkvæmd Ísl. móts og bikarkeppni var með besta móti m.a. vegna þess að nær engar frestanir voru vegna veðurs. Keppni hófst 3. október og lauk 13. mars, fyrr en vanalega vegna C-Riðils Evrópukeppninnar í Reykjavík.

Alls sendu 24 félög lið til keppni í 127 flokkum og létur nærri að þátttakendur í Ísl. móti og bikarkeppni hafi verið um 1500. Leiknir voru 965 leikir sem samtals stóðu yfir í 42340 mínútur eða 2.540.400 sekúndur.

ÍSLANDSMÓT 1985-1986

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla:	Ungmennafélag Njarðvíkur
Meistaraflokkur kvenna:	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
1. flokkur karla:	Íþróttafélag Stúdenta
2. flokkur karla:	Íþróttafélag Reykjavíkur
2. flokkur kvenna:	Íþróttabandalag Keflavíkur
3. flokkur karla:	Íþróttabandalag Keflavíkur
3. flokkur kvenna:	Knattspyrnufélagið Haukar
4. flokkur karla:	Ungmennafélag Njarðvíkur
5. flokkur karla:	Knattspyrnufélagið Haukar
Minnibolti:	Knattspyrnufélagið Haukar
Lávarðar:	Íþróttafélag Stúdenta
Sigurvegarar í I. deild karla urðu:	Knattspyrnufélagið Fram
Sigurvegarar í II. deild karla urðu:	Ungmennafélagið Tindastóll

LOKASTAÐAN Í ÚRVALSDEILD

<u>Nafn félags</u>	<u>Fj.l.</u>	<u>U.l.</u>	<u>T.l.</u>	<u>Stigaskor</u>	<u>Stig</u>
UMFN	20	17	3	1753:1574	34
HAUKAR	20	16	4	1709:1585	32
VALUR	20	9	11	1600:1588	18
ÍBK	20	8	12	1531:1630	16
KR	20	7	13	1583:1671	14
ÍR	20	3	17	1592:1720	6

Úrslit leikja í úrslitakeppni Úrvalsdeildar.

<u>Fyrri umferð</u>		<u>Seinni umferð</u>	
UMFN : ÍBK	75 : 73	UMFN : HAUKAR	94 : 53
HAUKAR : VALUR	80 : 77	HAUKAR : UMFN	86 : 88
ÍBK : UMFN	73 : 75		
VALUR : HAUKAR	70 : 69		
HAUKAR : VALUR	81 : 76		

LOKASTAÐAN Í I. DEILD KVENNA

<u>Nafn félags</u>	<u>Fj.l.</u>	<u>U.l.</u>	<u>T.l.</u>	<u>Stigaskor</u>	<u>Stig</u>
KR	10	9	1	449 : 372	18
ÍS	10	6	4	423 : 365	12
ÍBK	10	4	6	462 : 467	8
HAUKAR	10	4	6	413 : 443	8
ÍR	10	4	6	405 : 427	8
UMFN	10	3	7	315 : 393	6

ÍÁ hætti á miðju tímabili

LOKASTAÐAN Í I. DEILD KARLA

FRAM	20	20	0	1687:1233	40
UMFG	20	12	8	1421:1439	24
ÞÓR	20	8	12	1361:1350	16
UBK	20	7	13	1287:1449	14
ÍS	20	7	13	1251:1337	14
REYNIR	20	6	14	1203:1402	12

LOKASTAÐAN Í II. DEILD KARLA

A-RIDILL

UMFT	8	8	0	683 : 534	16
UMFS	8	5	3	525 : 475	10
ÍÁ	8	3	5	584 : 610	6
KFÍ	8	3	5	450 : 487	6
USAH	8	1	7	494 : 630	2

B-RIDILL

HSK	10	9	1	713 : 541	18
SNÆFELL	10	7	3	638 : 537	14
UÍA	10	7	3	633 : 547	14
LÉTTIR	10	5	5	647 : 643	10
ESJA	10	1	9	468 : 620	2
ÁRVAKUR	10	1	9	490 : 701	2

Eftir úrslitakeppni í II. deild þá fór UMFT upp í I. deild.

2. FLOKKUR KVENNA

Lokastaðan eftir þriðju og síðustu umferð.

ÍBK	4	4	0	8
UMFG	4	3	1	6
HAUKAR	4	2	2	4
ÍR	4	1	3	2
KR	4	0	4	0

3. FLOKKUR KVENNA

Lokastaða eftir þriðju og síðustu umferð.

HAUKAR	4	4	0	8
ÍR	4	3	1	6
UMFG	4	2	2	4
KR	4	1	3	2
UMFN	4	0	4	0
ÍBK	0	0	0	0

1. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin 9 lið tóku þátt í Íslandsmótinu og var keppt í einum riðli:

ÍS, VALUR, ÍBK, HAU KAR, ÍR, KR_a, KR_b, UMFN og FRAM.

Þar sem mikið vantar af skýrslum úr leikjum í þessum flokki er ekki hægt að setja upp lokastöðu.

Sigurvegari í þessum flokki varð samt lið Íþróttfélags Stúdenta, en það hlaut 14 stig af 16 mögulegum.

2. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin 6 lið tóku þátt í Íslandsmótinu og var keppt í einum riðli:

ÍBK, HAU KAR, ÍR, KR, UMFN og FRAM.

2. FLOKKUR KARLA FRH.

Þar sem nokkur félög tóku upp á því að fresta leikjum í þessum flokki án samráðs við KKÍ þá er enn nokkrum leikjum ólokið og er því ekki hægt að setja upp lokastöðu.

Það liggur samt ljóst fyrir að lið Íþróttafélags Reykjavíkur er Íslandsmeistari.

3. FLOKKUR KARLA

Þátttökulið voru 12 og var riðlaskipting í upphafi eftirfarandi:

A-Riðill: ÍBK, ÍR, UMFN og HAUKAR.

B-Riðill: KR, UMFT, ÞÓR og UMFS.

C-Riðill: VALUR, FRAM, REYNIR og UMFG.

Lokastaða eftir fjórðu og síðustu umferð í A-Riðli.

ÍBK	3	3	0	6
UMFT	3	2	1	4
ÍR	3	1	3	2
VALUR	3	0	4	0 (fellur í B-Riðil)

Lið KR kom upp úr B-Riðli og hefur keppni í A-Riðli næsta ár.

4. FLOKKUR KARLA

Þátttökulið voru 14 og var riðlaskipting í upphafi eftirfarandi:

A-Riðill: ÍR_a, ÍBK, UMFG, HAUKAR, KR og VALUR.

B-Riðill: UMFT, UMFN, ÞÓR og ÍA.

C-Riðill: REYNIR, UBK, ÍR_b og VÍKINGUR ÓL.

Lokastaða eftir fjórðu og síðustu umferð í A-Riðli.

UMFN	5	4	1	8
ÍR	5	4	1	8
ÍBK	5	3	2	6
UMFG	5	2	3	4
VÍKINGUR ÓL.	5	2	3	4
VALUR	5	0	4	0 (fellur í B-Riðil)

5. FLOKKUR KARLA

Þátttökulið voru 13 og var riðlaskipting í upphafi eftirfarandi:

A-Riðill: HAUKAR_a, UMFN, ÍR_a, ÍBK og VALUR.

B-Riðill: UMFG, UBK, REYNIR og KR.

C-Riðill: UMFS, ÍA, ÍR_b og HAUKAR_b.

Lokastaða eftir fjórðu og síðustu umferð í A-Riðli.

HAUKAR _a	4	4	0	12
ÍBK	4	3	1	10
ÍR _a	4	1	3	6
UMFN	4	2	2	5
KR	4	0	4	0 (fellur í B-Riðil)

Lið UMFG kom upp úr B-Riðli og hefur keppni í A-Riðli næsta ár.

MINNIBOLTI

Þátttökulið voru 17 og var riðlaskipting í upphafi eftirfarandi:

A-Riðill: UMFG_a, HAUKAR_a, ÍR_a, VALUR_a, UMFN og ÍBK_a.

B-Riðill: KR_a, UMFT, UBK, FRAM, REYNIR og UMFG_a.

C-Riðill: ÍR_b, VALUR_b, ÍBK_b, KR_b og HAUKAR_b.

Lokastaða eftir fjórðu og síðustu umferð í A-Riðli.

HAUKAR _a	6	6	0	12
VALUR _a	6	5	1	10
UBK	6	4	2	8
UMFG _a	6	3	3	6
ÍBK _a	6	2	4	4
ÍR _a	6	1	5	2
KR _a	6	0	6	0 (fellur í B-Riðil)

Lið UMFN kom upp úr B-Riðli og hefur keppni í A-Riðli næsta ár.

Þar sem liðum fækkaði mjög mikið þegar líða tók á veturinn var gripið til þess ráðs að mynda tvo 7 liða riðla.

LÁVARÐADEILD

Eftirtalin 7 lið tóku þátt í Íslandsmótinu og var keppt í einum riðli:

LÉTTIR, ÍS, VALUR, ÍR, KR_a, KR_b og UMFN. Leikin var einföld umferð.

Lið Íþróttafélags Stúdenta varð Íslandsmeistari, en þeir unnu alla sína leiki og hlutu samtals 12 stig.

BIKARKEPPNI KKÍ 1985-1986

Bikarmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla: Knattspyrnufélagið Haukar
Meistaraflokkur kvenna: Knattspyrnufélag Reykjavíkur
2. flokkur kvenna: Íþróttabandalag Keflavíkur
2. flokkur karla: Íþróttabandalag Keflavíkur
3. flokkur karla: Íþróttafélag Reykjavíkur
4. flokkur karla: Íþróttafélag Reykjavíkur

Úrslit í einstökum leikjum urðu:

Meistaraflokkur karla:

1. UMFERÐ:

UMFG	: REYNIR	77 : 71	KR _b	: ÍS _a	44 : 48
UMFN _b	: HSK	2 : 0	ÁRVAKUR	: ÍA	54 : 68
ÍS _b	: ÞÓR	70 : 59			

2. UMFERÐ:

UBK	: FRAM	63 : 71	ÍS _a	: UMFN _b	64 : 63
ÍS _b	: ÍBK _b	92 : 57	ÍA	: UMFG	67 : 86

3. UMFERÐ:

UMFG	: ÍS _a	73 : 74	FRAM	: ÍS _b	92 : 67
------	-------------------	---------	------	-------------------	---------

Úrvalsdeildarliðin tóku ekki þátt í bikarkeppninni fyrr en í átta liða úrslitum, þá er leikin tvöföld umferð.

4. UMFERÐ:

KR _a	: UMFN _a	88 : 89	UMFN _a	: KR _a	82 : 71
VALUR	: FRAM	79 : 77	FRAM	: VALUR	79 : 92
ÍR	: ÍBK _a	93 : 81	ÍBK _a	: ÍR	91 : 79
HAUKAR	: ÍS _a	100 : 61	ÍS _a	: HAU KAR	51 : 100

Meistaraflokkur karla frh:

UNDANÚRSLIT:

HAUKAR	:	ÍBK _a	90	:	75	ÍBK _a	:	HAUKAR	87	:	85
UMFN _a	:	VALUR	82	:	63	VALUR	:	UMFN _a	76	:	71

ÚRSLIT:

UMFN_a : HAU KAR 92 : 93

Meistaraflokkur kvenna:

1. UMFERÐ:

UMFN	:	ÍBK	53	:	29	ÍBK	:	UMFN	35	:	44
ÍS	:	ÍA	62	:	18	ÍA	:	ÍS	4	:	42
KR	:	HAUKAR	37	:	28	HAUKAR	:	KR	37	:	68

UNDANÚRSLIT:

UMFN	:	KR	41	:	42	KR	:	UMFN	41	:	27
ÍR	:	ÍS	26	:	28	ÍS	:	ÍR	23	:	24

ÚRSLIT:

KR : ÍS 47 : 28

2. Flokkur karla:

1. UMFERÐ:

ÞÓR	:	ÍBK	60	:	73	UMFN	:	ÍR	73	:	71
KR	:	HAUKAR	85	:	66	UMFG	:	FRAM	2	:	0

UNDANÚRSLIT:

UMFN	:	KR	98	:	70	ÍBK	:	UMFG	100	:	77
------	---	----	----	---	----	-----	---	------	-----	---	----

ÚRSLIT:

ÍBK : UMFN 111 : 106

2. Flokkur kvenna:

UNDANÚRSLIT:

ÍR : ÍBK 25 : 55 KR : HAU KAR 26 : 56

ÚRSLIT:

ÍBK : HAU KAR 40 : 25

3. Flokkur karla:

1. UMFERÐ:

VALUR : FRAM 68 : 39 ÍR : HAU KAR 74 : 72
KR : ÍBK 61 : 54

UNDANÚRSLIT:

KR : VALUR 64 : 60 ÍR : UMFN 89 : 43

ÚRSLIT:

KR : ÍR 44 : 55

4. Flokkur karla:

1. UMFERÐ:

KR : VALUR 0 : 2 ÍR : UMFG 49 : 44
UMFN : HAU KAR 38 : 27 ÍBK : FRAM 2 : 0

UNDANÚRSLIT:

UMFN : ÍBK 37 : 35 ÍR : VALUR 76 : 28

ÚRSLIT:

ÍR : VALUR 43 : 42

SKÓLAMÓT KKÍ 1986

GRUNNSKÓLAMÓT:

Þar er leikið í þremur flokkum þ.e. eldri flokki pílta, yngri flokki pílta og stúlknaflokki.

ELDRI FLOKKUR PÍLTA:

A-Riðill	B-Riðill	C-Riðill
Grunnsk. Grindavíkur	Víðistaðaskóli	Hagaskóli
Réttarholtsskóli	Langholtsskóli	Breiðholtsskóli
Fellaskóli	<u>Grunnsk. Ólafsvíkur</u>	Kópavogsskóli
Öldutúnsskóli	Hvassaleitisskóli	<u>Grunnsk. Njarðvíkur</u>
<u>Holtaskóli</u>	Grunnsk. Hellissands	Hlíðaskóli

D-Riðill

Grunnskóli Sauðárskróks

Grunnskóli Blöndóss

Grunnskóli Dalvíkur

Undirstrikuðu liðin eru þau sem komust í úrslit og fara úrslit leikja í úrslitakeppninni hér á eftir:

Holtaskóli	: Sauðárkr.	75 : 31	Njarðvík	: Holtaskóli	42 : 45
Ólafsvík	: Njarðvík	42 : 44	Ólafsvík	: Holtaskóli	46 : 48
Sauðárkrókur	: Ólafsvík	30 : 64	Njarðvík	: Sauðárkr.	64 : 39

YNGRI FLOKKUR PÍLTA:

A-Riðill	B-Riðill	C-Riðill	D-Riðill
<u>Hagaskóli</u>	Grunnsk. Grindav.	Hvassaleitissk.	Grunnsk. Dalv.
Víðistaðaskóli	Seljaskóli	<u>Grunnsk. Njarðv.</u>	<u>Grunnsk. Blöndóss</u>
Grunnsk. Borgarn.	<u>Holtaskóli</u>	Fossvogsskóli	
Grunnsk. Ólafsv.	Langholtsskóli		

Undirstrikuðu liðin eru þau sem komust í úrslit og fara úrslit leikja í úrslitakeppninni hér á eftir:

Hagaskóli	: Njarðvík	21 : 30	Hagaskóli	: Holtaskóli	36 : 24
Holtaskóli	: Njarðvík	31 : 32			

Grunnskóli Blöndóss gat ekki mætt í úrslitakeppnina.

STÚLKNAFLOKKUR:

A-Riðill	B-Riðill	C-Riðill
Grunnsk. Borgarn.	Fellaskóli	<u>Grunnsk. Blöndóss</u>
Grunnsk. Helliss.	Grunnsk. Grindav.	Grunnsk. Sauðárkr.
Grunnsk. Ólafsv.	<u>Grunnsk. Njarðv.</u>	Grunnsk. Húnavöllum
<u>Víðistaðaskóli</u>	Réttarholtssk.	
<u>Holtaskóli</u>		

Undirstrikuðu liðin eru þau sem komust í úrslit og fara úrslit leikja í úrslitakeppninni hér á eftir:

Holtaskóli : Njarðvík 17 : 22 Víðistaðask. : Holtask. 26 : 10
Víðistaðaskóli : Njarðvík 12 : 15

Grunnskóli Blöndóss gat ekki mætt í úrslitakeppnina.

FRAMHALDSSKÓLAMÓT:

Eftirtalin lið léku til úrslita í Framhaldsskólamóti KKÍ:

Kennaraháskóli Íslands, Fjölbrautarskólinn Ármúla, Iðnskólinn í Reykjavík og Fjölbrautarskólinn í Breiðholti.

Úrslit leikjanna fara hér á eftir:

Kennarahásk.	: Ármúli	55 : 127
Fjölbr. Breiðh.	: Iðnskólinn	46 : 74
Iðnskólinn	: Kennarah.	73 : 51
Ármúlaskóli	: Fjölbr. Breiðh.	100 : 72
Fjölbr. Breiðh.	: Kennarahásk.	70 : 87
Iðnskólinn	: Ármúlaskóli	48 : 78

Mótanefnd KKÍ 1985-1986

Hörður Gunnarsson

Hilmar H. Gunnarsson

Þóra Steffensen

SKÝRSLA KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR

Á stjórnarfund þann 28. september 1985 voru boðaðir fulltrúar frá öllum kvennaliðunum (nema UMFN sem ekki náðist í). Þá var ákveðið í samráði við þá fulltrúa kvennaliðanna sem mættir voru að taka þátt í Norðurlandamóti kvenna í Uppsala apríl '86, þrátt fyrir að ekki hefði verið gert ráð fyrir neinum fjárstyrk frá KKÍ til þessa verkefnis. Kvennalandsliðsnefnd var skipuð og í henni tóku sæti Auður Rafnsdóttir ÍBK, Margrét Eiríksdóttir ÍS, Vala Úlfljótsdóttir ÍR og Þóra Steffensen f.h. stjórnar KKÍ. Kynnt var fyrir leikmönnum liðanna hvernig málin stóðu, þ.e.a.s. að til þess að þetta mætti takast yrðu allar að leggjast á eitt í fjáröflun. KR-stúlkur lýstu því þá yfir opinberlega að þær vildu ekki taka þátt í undirbúningi fyrir þessa keppni.

Fjáröflun var hafin viku fyrir jóla með kakósölu og strax eftir áramót var byrjað að safna auglýsingum í blað kvennalandsliðsins, "UPPKAST". Kvennalandsliðsnefnd var falið af stjórn KKÍ að halda lokahóf KKÍ gegn því að fá innkomuna, sem yrði þá styrkur KKÍ til þessa verkefnis. Fyllt var upp í "fjárlagagatið" með flöskusöfnun.

Valinn var 16 manna landsliðshópur þann 17. janúar 1986. Æfingar hófust 13. mars 1986. 19. apríl var valinn 10 manna hópur:

Auður Rafnsdóttir ÍBK	Helga Friðriksdóttir ÍS
Björg Hafsteinsdóttir ÍBK	Kolbrún Leifsdóttir ÍS
Guðlaug Sveinsdóttir ÍBK	Vala Úlfljótsdóttir ÍR
Guðrún Gunnarsdóttir ÍR	Þóra Gunnarsdóttir ÍR
Hafdís Helgadóttir ÍS	Þórunn Magnúsdóttir UMFN

Kolbrún Leifsdóttir varð fyrir meiðslum rétt fyrir brottför og í hennar stað kom Anna María Sveinsdóttir ÍBK. Í UPPSALA lék liðið 4 leiki á 2 dögum og urðu úrslit leikja sem hér segir:

ÍSLAND : NOREGUR	32 : 112
ÍSLAND : FINLAND	36 : 120
ÍSLAND : SVÍÐJÓÐ	15 : 134
ÍSLAND : DANMÖRK	19 : 107

Þjálfari var Kolbrún Jónsdóttir, aðstoðarþjálfari Margrét Eiríksdóttir, fararstjóri Þóra Steffensen. Dómari frá Íslandi Kristbjörn Albertsson.

Þó úrslit leikjanna hafi orðið jafn slæm og raun bar vitni er síður en svo að stúlkurnar hafi gefist upp. Þær hafa allar sem ein lýst yfir áhuga sínum á áframhaldandi landsliðsstarfi.

Samhljóða álit allra þeirra sem að þessari tilraun stóðu er að eigi verði aftur snúið og stefnt skuli að áframhaldi. Í því sambandi viljum við benda á að til þess að lokka fleiri ungar stúlkur til iðkunar körfubolta er nauðsynlegt að hafa landslið. Og til þess að eignast sterkt landslið þarf öflugt unglíngastarf. Hvorugt blómstrar án hins og án landsliðs erum við ekki samkeppnisfær við aðrar íþróttagreinar.

Að lokum viljum við þakka sérstaklega Kolbrúnu Jónsdóttur sem starfaði sem landsliðsþjálfari launalaust, Kristbirni Albertssyni sem auk þess að veita andlegan stuðning í ferðinni lagði sjálfur til farseðil sinn, Guðrúnu Ólafsdóttur sem var svo rausnarleg að gefa landsliðinu bæði keppnis og upphitunar- búninga og öllum þeim stúlkum sem lögðu hönd á plóginn við fjáröflun þrátt fyrir að vera ekki í landsliðshópnum þetta árið.

f.h. Kvennalandsliðsnefndar
Þóra Steffensen
Margrét Eiríksdóttir

SKÝRSLA E.M. NEFNDAR

Dagana 15.-19. apríl 1986 var haldin í Laugardalshöll Evrópukeppni karlalandsliða, með þátttöku landsliða Írlands, Noregs, Portúgals, Íslands og Skotlands. Þetta var liður í undankeppni fyrir B-keppni og var keppni sú sem hér fór fram annar af tveimur riðlum í C-keppninni.

Undirbúningur fyrir mótið hófst í júní í fyrra. Þá var liðum tilkynnt um mótisdaga og stað. Síðan var starfinu haldið áfram með hléum fram til jóla, en þráðurinn síðan tekinn upp aftur eftir áramót. Smá-jókst þá umfang verksins og náði hámarki sínu síðustu dagana fyrir keppnina.

E.M. nefndin var svo lánsöm að hafa mörgu góðu fólki á að skipa svo verkefnið varð léttara en e.t.v. á horfðist í fyrstu. Allt þetta fólk vann að þessu verkefni af miklum áhuga, enda voru allir þátttakendurnir í keppninni á einu máli að hún hefði farið sérstaklega vel fram.

Þetta á sér einnig aðrar skýringar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem keppni af þessari stærð er haldin hér á landi, því hér hafa verið haldnar Polar-Cup keppnir, Evrópumót unglunga og drengja, auk alls kyns æfingamóta. Hér er því fyrir hendi mjög haldgóð reynsla á þessu sviði og er okkur því engin vorkunn að halda slík mót með sóma í framtíðinni. Má í þessu sambandi benda á verkefna-lista sem Gunnar Gunnarsson hefur tekið saman fyrir slík mót. Hann reyndist okkur mjög vel við undirbúninginn og gerði kleift að vinna að honum skref fyrir skref þar til öllu var lokið.

Tölva var notuð í fyrsta sinn í þessu móti til að halda utan um tölfræðina. Gert var sérstakt tölvforrit í þessu skyni, sem unnið var á IBM PC tölvu. Mæltist þetta vel fyrir hjá keppendum og fréttamönnum. Forritið er nú í eigu KKÍ.

Þegar þetta er ritað er verið að vinna að því að taka saman reikninga fyrir mótið og okkur sem að því stóðu til mikillar ánægju virðist sem nokkur hagnaður verði af því. Munar þar miklu um styrki frá opinberum aðilum, en einnig átti mjög vel unnin auglýsingasöfnun mikinn þátt í að svo tókst til.

Úrslit mótsins urðu þau, eins og öllum mun vera kunnugt, að Ísland sigraði í mótinu og hélt áfram til keppni í B-riðli í Belgíu í maí s.l. Noregur varð í öðru sæti og Skotland í þriðja. Portúgal hlaut fjórða sætið og Írland rak lestina.

f.h. E.M. nefndar

Guðmundur Þorsteinsson

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR

Starf dómaranefndar einkenndist, nú jafnt sem áður, af miklum dómaraskorti. Það virðist vera alveg sama hversu margir dómarar útskrifast með dómarapróf alltaf er skortur á dómurum. Þrátt fyrir þetta tókst dómaranefnd oftast nær að manna alla leiki í vetur.

Dómaranefnd álítur að gera þurfi langtíma áætlun í uppbyggingu dómarastéttar.

Robert Iliffe var kominn vel á veg í þessum efnum, en hann fékk því miður ekki leyfi til að starfa áfram að þessum málum. Sýnt þykir því að ef ekki verði gert stóráttak í þessum málum þá á þetta vandamál eftir að verða æ meira með hverju ári.

Það virðist einnig vera sem félögin hafi lítinn sem engan áhuga á því að fjölga dómurum. Þetta sést best á því að dómaranefnd auglýsti dómarnámskeið strax eftir áramót og er skemmst frá því að segja að fella þurfti námskeiðið niður vegna áhugaleysis.

Dómaranefnd álítur að þetta batni ekki nema gripið verði til svipaðra ráðstafanna og fótboltinn hefur gert þ.e. að skylda hvert félag til þess að eiga einn starfandi dómara fyrir hvern flokk sem það sendir í Íslandsmót.

Dómaranefnd gerði í vetur samning við fyrirtækið Þýzk-Íslenzka h.f. um auglýsingu á dómarabúningum. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt er gert. Einnig var gerður samningur við CONVERSE umboðið um kaup á skóm fyrir alla dómara.

Tekin var upp sú nýbreytni seinni part veturs að hafa þrjá dómara á hverjum leik. Þetta mæltist mjög vel fyrir hjá flestum og eru margir sem vildu að hægt væri að gera þetta á hverjum einasta leik, en því miður er það ekki möguleiki vegna hins mikla dómaraskorts. Það væri samt gaman að geta stefnt að þessu í framtíðinni.

Dómarar tóku upp á því í vetur, að frumkvæði dómaranefndar, að kæra tæknivillur til aganefndar KKÍ þegar sýnt þótti að kjaftbrúk og nöldur ætlaði um koll að keyra. Þetta mæltist vel fyrir í fyrstu, en þegar líða tók á veturinn þá urðu menn skyndilega óánægðir, hverju sem það kann að sæta. Þetta varð þó til þess að nú liggur fyrir tillaga til breytingar á agareglum KKÍ.

Dómaranefnd KKÍ 1986
Bergur Steingrímsson
Ómar Scheving
Kristinn Albertsson

Skýrsla unglínganefndar KKI

Unglínganefnd KKI 1984-1985 skipuðu eftirtaldir:

Björn Leósson
Jón Sigurðsson
Sigvaldi Ingimundarson
Torfi Magnússon

Unglínganefnd hóf að starfa í sjálfboðavinnu í feb. 1982 og fyrsta árið voru leiknir 4 unglíngalandsleikir og einar æfingabúðir haldnar. Einnig var hafin undirbúningur að halda einn riðil í EM-cadetta á Íslandi vorið 1983.

Starf unglínganefndar hefur síðan vaxið jafnt og þétt í nýjum og stærri verkefnum með ári hverju. Á síðasta ári voru t.d. leiknir 8 landleikir, 14 opinberir æfingaleikir við erlend lið og haldnar þrennar æfingabúðir.

Á þessum fjórum árum hefur unglínganefnd haft afskipti af ca. 600 unglíngum og oftast en einu sinni hvern þessarra unglínga.

Starf unglínganefndar hefur einnig haft sterk áhrif á mjög mörg félög, þar sem nú blómstrar fjölskrúðugt starf í málum yngri flokka, eins og hjá ÍR.

Okkar besti vitnisburður er þó án efa nokkrir A-landsliðsmenn Íslands í dag, en það eru þeir:

Páll Kolbeinsson KR
Guðni Guðnason KR
Tómas Holton VALUR

Birgir Mikaelsson KR
Ragnar Torfason ÍR

Þessir ungu menn slitu sínum fyrstu körfuboltaskóm á alþjóðavettvangi undir verndarvængum unglínganefndar. Sú reynsla, sem þeir öðluðust og sú hvatning, sem þeir hafa fengið, segja meira en nokkur orð um mikilvægi þessa starfs, sem rekið er hjá unglínganefndinni.

Það er því augljóst af framansögðu, hvað það er nauðsynlegt fyrir íslenskan körfuknattleik að rekið sé myndarlegt og blómlegt unglíngastarf á vegum KKI.

Það er því áskorun okkar unglínganefndarmanna, að stóraukin verður beinn fjárstuðningur við þetta starf, svo Ísland geti í framtíðinni eignast ennþá sterkara landslið.

Hér á eftir fer upptalning á helstu verkefnum unglínganefndar á síðastliðnu ári.

Stockholm Basket og landsleikir í Danmörku

Drengjalandslið skipað leikmönnum fæddum 1970 og unglíngalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1967-68 fór í byrjun júní 1985 í æfinga- og keppnisferð til Svíþjóðar og Danmerkur.

Drengjalandslið:

Herbert Arnarson	IR
Gunnar Sverrisson	IR
Ottó Davíð Tynes	IR
Þórir Þorgeirsson	IR
Jón Páll Haraldsson	UMFG
Aðalsteinn Ingólfsson	UMFG
Hjalti Arnason	TINDST
Héðinn Sigurðsson	TINDST
Friðrik Ragnarsson	UMFN
Steinar Adolfsson	Vík. OL
Brynjar Harðarson	IBK
Skúli Skúlason	IBK

Leikir í Svíþjóð:

1.	DL gegn Ta Tong.....	58-51
2.	DL gegn Akersberga...	78-18
3.	DL gegn Jarva.....	74-17
4.	DL gegn Sundsvall....	86-11
5.	DL gegn Söder.....	74-34
6.	DL gegn Olymics USA..	50-56

Landsleikir í Danmörku:

1.	Island - Danmörk	76-56
2.	Island - Danmörk	61-59

Unglingalandslið:

Jón Örn Guðmundsson	IR
Teitur Örlygsson	UMFN
Svali Björgvinsson	VALUR
Kristinn Einarsson	UMFN
Magnús Matthíasson	RICE
Ísak Leifsson	UMFN
Haraldur Leifsson	TINDST
Guðmundur Bragason	UMFG
Guðjón Skúlason	IBK

Leikir í Svíþjóð:

1.	UL gegn Iowa All Stars	61-48
2.	UL gegn Sundsvall....	48-51
3.	UL gegn Iowa Juniors.	62-53
4.	UL gegn Duvbo.....	79-45
5.	UL gegn Team Sweden..	53-48
6.	UL gegn Alvik.....	45-51

Landsleikir í Danmörku:

1.	Island - Danmörk	73-71
2.	Island - Danmörk	59-58

Þjálfari drengjalandsliðs var Björn Leósson og þjálfari unglíngalandsliðs var Torfi Magnússon. Fararstjóri var Hilmar Gunnarsson.

Kentucky Junior All Stars

Þetta frábæra úrvalslið kom hingað í lok júní og lék tvo æfingaleiki við íslenska unglíngalandsliðið og sigraði nokkuð auðveldlega. Í bandaríska liðinu var leikmaður að nafni Rex Chapman og er honum spáð að leika í NBA-deildinni eftir 4 ár.

Körfuknattleiksmiðstöð í Júgóslavíu

FIBA hefur í samvinnu við Evrópusamband körfukn. þjálfara og júgóslavneska körfukn. sambandið komið á legg körfukn. miðstöð 'technical centre' í borginni Pula í Júgóslavíu til afnota fyrir öll körfukn. sambönd Evrópu. Þar verða haldin alls kyns 'clinic' fyrir bæði leikmenn og þjálfara í framtíðinni.

"CONVERSE"-umboðsaðilar í Evrópu styrktu bæði leikmenn og þjálfara, sem höfðu áhuga að sækja námskeið þangað sl. sumar. Meðal annarra var allt hollenska unglíngalandslið þar ásamt þjálfurum sínum. Frá Íslandi sóttu einn þjálfari og 4 UL-leikmenn þessa miðstöð styrktir af Torfa Tómassyni umboðsmanni "CONVERSE".

Mjög virtir þjálfarar stjórnuðu búðunum af mikilli röksemi allt sumarið og dvöldust Íslendingarnir síðustu 2 vikurnar í júlí. Leikmenn voru Guðjón Skúlason IBK, Arni Blöndal KR, Steingrímur Bjarnason HAUKAR, Hörður Gauti Gunnarsson KR og þjálfari var Björn Leósson.

Æfingabúðir drengja og unglínga.

Í lok ágúst voru haldnar æfingabúðir að Selfossi fyrir drengi fædda 1968-71. Það komu 54 drengir og voru allir mjög ánægðir eftir erfiða, en árangursríka 3 daga. Þessar æfingabúðir hafa nú skipað sér fastan sess og þykja orðið ómissandi þáttur hjá þjálfurum unglínganefndar og leikmönnum yngri flokka.

"HI - C" mót unglínganefndar.

Í lok mars hélt unglínganefnd 3ja daga "HI-C" mót annað árið í röð fyrir minni-bolta, 5. flokk, 4. flokk drengja og 3. flokk kvenna. Mikill fjöldi liða tók þátt í mótinu og þótti takast vel. Þetta mót virðist skapa alveg sérstaka stemmingu, sem á sér enga hliðstæðu hér á landi.

Það er trúlegast vegna þess, að leikið er í öllum aldursflokkum samtímis og eftir hefðbundna riðlakeppni hefst útsláttarkeppni í hverjum aldursflokki fyrir sig með þátttöku allra liðanna. Þannig byggist upp mikill spenníngur, sem nær hámarki síðasta dag keppinnar, þegar keppt er til úrslíta í öllum aldurflokkum samdægurs.

Sígurvegarar að þessu sinni voru:

minni bolti:	HAUKAR	5. flokkur:	IBK
4. flokkur:	IR	3. flk. kv:	HAUKAR

Evrópukeppni unglíngalandsliða 1986

Íslenska unglíngalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1967-68 tók þátt í Evrópukeppni unglíngalandsliða " Juniora " í La Baule í Frakklandi daganna 7.-11.apríl s.l. Þátttökupjóðir í þessum riðli voru Ísland, Danmörk, Finnland, Svíþjóð og Frakkland. Þessir leikmenn skipuðu liðið:

Guðjón Skúlason	IBK fyrirliði
Teitur Örlygsson	UMFN
Guðmundur Bragason	UMFG / Cumberland Valley High School
Jón Þór Gunnarsson	HAUKAR
Jóhannes Sveinsson	IR
Kristinn Einarsson	UMFN
Magnús Matthíasson	VALUR / Rice University
Jón Örn Guðmundsson	IR
Ólafur Gottskálksson	IBK
Magnús Guðfinnsson	IBK

Úrslit leikja urðu :

Ísland - Finnland	76 - 94 (42-47)
Ísland - Svíþjóð	77 - 93 (35-45)
Ísland - Danmörk	87 - 86 (40-36)
Ísland - Frakkland	76 - 93 (37-42)

Frakkland og Finnland komust áfram í úrslitakeppnina, sem fram fer í Austurríki í ágúst n.k. Framkvæmdastjóri mótsins í Austurríki hreifst mjög af íslenska liðinu og hafði orð á því, að bjóða Íslandi til Austurríkis til að taka þátt í sérstöku móti í sumar, sem væri liður í undirbúningi þeirra fyrir úrslitin.

Þjálfari var Jón Sigurðsson og aðst.þjálfari var Björn Leósson. Dómari frá Íslandi var Sigurður Valur Halldórsson og fararstjóri var Kristinn Albertsson.

Æfingabúðir drengja 15 ára og yngri

Í maí síðastliðnum voru haldnar æfingabúðir fyrir 56 drengi, sem skipa minni bolta, 5.flokk og 4.flokk næsta vetur. Þessar búðir fóru fram að venju í íþróttamiðstöðinni að Selfossi.

Þær tókust alveg sérlega vel og höfðu margir að orði, að þetta hefðu verið bestu og skemmtilegustu æfingabúðir, sem unglínganefnd hefðu haldið fram að þessu.

Æfingabúðir með Luther College

Unglinganefnd hélt 2ja daga æfingabúðir í samvinnu við landliðsnefnd og KKÍ með leiðbeinendum frá Luther College. Þessar æfingabúðir tókust mjög vel og þóttu þjálfurum þær ákaflega lærdómríkar fyrir þá sök, að bandarísku þjálfararnir brydduðu upp á mörgum nýjum og árangurríkum æfingum.

Kentucky Junior All Stars

Því miður kemur þetta frábæra úrvalslið ekki í heimsókn í sumar, en hefur gert það síðustu þrjú ár í röð. Þeir óttuðust mjög hryðjuverk, en ferðir þeirra hafa alltaf legið um Þýskaland. Þess í stað hafa þeir óskað eftir að taka á móti unglingsliði næsta vetur í Kentucky, er keppa mundi víðs vegar um fylki þeirra. Eddie Ford góðkunningi margra okkar biður fyrir sérstökum kveðjum til vina sinna.

Helstu verkefni, sem liggja fyrir næstu unglingsnefnd.

1. Undirbúningur tveggja liða þ.e. drengja fædda '70-'71 og unglings fædda '69 til þátttöku í " Stockholm Basket Cup " daganna 8.-14. júní 1986.
2. Æfingabúðir fyrir alla yngri flokka í lok ágúst n.k.
3. Keppnisferð unglingsliðs til Kentucky, USA í janúar byrjun.
4. Keppnisferð drengjalandsliðs (cadetta) í mars 1987 á alþjóðlegt mót í Portúgal til undirbúnings fyrir EM-cadetta.
5. Evrópukeppni drengjalandsliða (cadetta) í apríl 1987.

Að lokum vill unglingsnefnd þakka þeim fjölmörgu, sem hjálpuðu okkur að gera ofangreind verkefni að veruleika.

Fyrir hönd unglingsnefndar,

Jón Sigurðsson.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KKÍ

Landsliðsnefnd skipa eftirtaldir:

Gunnar Þorvarðarson

Helgi Helgason

Kristinn Jörundsson

Landsliðspjálfari var sem fyrr Einar Bollason.

Ljóst var í upphafi þ.e. þegar núverandi landsliðsnefnd tók til starfa fyrir tveimur árum, að meginþungi starfsins kæmi til með að lenda á tímabilinu 1985-1986.

Skapaðist þetta vegna Evrópukeppninnar sem fór fram hér á landi dagana 15.-19. apríl s.l. Sú keppni var í raun, eða átti að verða okkar lokapunktur. Allur undirbúningur landsliðsins miðaðist því við að ná sem bestur árangri í þeirri keppni.

Snemma var því farið að huga að verðugum verkefnum fyrir lið okkar. Í upphafi ætlaði það ekki að ganga allt of vel, þar sem landsliðsnefnd hafði þá ekki verið starfandi um nokkurn tíma og því lítið verið gert af því að skapa verkefni handa landsliðinu.

Gerði þetta okkur í nefndinni óneitanlega erfitt fyrir, en með mikilli vinnu og hjálp góðra manna tókst að skapa allnokkur verkefni fyrir lið okkar, bæði heima og erlendis. Ljóst er af þessari reynslu, að ef á að gera út landslið á Íslandi í framtíðinni verður stöðugt og markvisst að vinna að þeim málum.

Síðasta ársþing KKÍ ákvað að landsliðsmálin skyldu hafa ákveðinn forgang vegna Evrópukeppninnar sem er nú nýlega afstaðin. Veitti þingið því auknu fjármagni til landsliðamálanna og sýndi þar ákveðið frumkvæði, sem við í landsliðsnefndinni erum ákaflega þakklátir fyrir. Teljum við að sú ákvörðun þingsins, að setja landsliðsmálin á oddinn eigi sinn þátt í þeim árangri landsliðs okkar í nýafstaðinni Evrópukeppni, sem við þekkjum.

Landsliðsnefnd tókst hægt og sígandi að skapa landsliðinu okkar verkefni, eins og upptalningin hér aftar sýnir. Nefndin fór þess á leit við Gunnar Þorvarðarson að hann gæfi kost á sér sem aðstoðarpjálfari Einars og varð það að samkomulagi.

En lítum þá á verkefnin s.l. ár.

1. Keppnisferð til Wels í Austurríki 30. maí til 3. júní 1985.
Þátttökupjóðir voru fjórar talsins:

Austurríki, Ísland, Ungverjaland og Tyrkland.

Úrslit urðu sem hér segir: ÍSLAND : AUSTURRÍKI 72 : 63
ÍSLAND : UNGVERJAL. 70 : 79
ÍSLAND : TYRKLAND 49 : 58

Ísland hafnaði í þriðja sæti.

2. Keppnisferð til U.S.A. Iowa í boði Luther College 8. nóv.
til 17. nóv. 1985.

Leiknir voru átta leikir á jafnmörgum dögum við mörg af
College liðum Iowa.

Ferðin var nokkuð erfið fyrir okkar menn, en skilaði því
sem til var ætlast. Þarna vann íslenska landsliðið sína
fyrstu leiki á bandarískri grunu frá upphafi.

Liðin sem íslenska landsliðið vann voru WILLIAM PENN COLLEGE
og LUTHER COLLEGE gestgjafarnir sjálfir. Aðrir leiki töp-
uðust, en sumir þó mjög naumlega.

3. Fjögurra liða mót á Íslandi (Suðurnesjum) 3. jan. til 5. jan
1986.

Boðið var til móts danska landsliðinu, svo og liði Luther
College frá Iowa. Við sendum aftur á móti bæði A og B lið
í mótið, þar sem finnska landsliðið sem koma átti afboðaði
þátttöku sína á síðustu stundu.

Úrslit urðu sem hér segir: ÍSLAND A : ÍSLAND B 71 : 67
ÍSLAND A : DANMÖRK 62 : 59
ÍSLAND A : LUTHER C. 105 : 73
ÍSLAND B : DANMÖRK 108 : 96
ÍSLAND B : LUTHER C. 66 : 51

Ísland A vann alla sína leiki og sigraði í mótinu.

Ísland B hlaut annað sætið með því að sigra Dani.

4. Keppnisferð til Evrópu 23. mars til 3. apríl 1986.
Leiknir voru níu leikir á tíu dögum. Fyrst var ekið til Wurzburg í Þýskalandi og leikið við borgarúrvalið.
Næst var leikið við mjög sterkt þýskt úrvalsdeildarlið Steiner Optik.

Haldið var til Austurríkis og leikið á 8 liða móti, en fyrst var leikinn landsleikur við Austurríki.

Úrslit urðu sem hér segir:

ÍSLAND : WURZBURG borgarúrv.	109 : 67
ÍSLAND : STEINER OPTIK	64 : 98
ÍSLAND : AUSTURRÍKI	69 : 75
ÍSLAND : STV. LUZERN SVISS	87 : 72
ÍSLAND : WAT WIEDEN AUSTURR.	81 : 69
ÍSLAND : TI SPARKASSE AUSTURR.	75 : 71

Til úrslita léku síðan austurríska landsliðið, sem sigraði í hinum riðlinum og ÍSLAND.

ÍSLAND : AUSTURRÍKI 65 : 78

ÍSLAND hafnaði í örðu sæti næst á eftir Austurríki.

Eftir mótið í Austurríki var haldið til Luxemborg og leiknir þar tveir landsleikir.

Úrslit urðu sem hér segir:

ÍSLAND : LUXEMBORG	78 : 71
ÍSLAND : LUXEMBORG	88 : 83

5. Evrópukeppnin hér heima 15. apríl til 19. apríl 1986.
Um keppnina sem slíka er óþarfi að fjölyrða. Framkvæmd hennar tókst í alla staði vel. Úrslit eru öllum kunn svo frægt sem það er nú orðið.

Úrslit urðu sem hér segir:

ÍSLAND : ÍRLAND	73 : 72
ÍSLAND : SKOTLAND	75 : 71
ÍSLAND : PORTÚGAL	77 : 81
ÍSLAND : NOREGUR	75 : 72

ÍSLAND vann keppnina og varð þar af leiðandi að fara til þátttöku í B-keppnina, sem haldin var í Belgíu í maí s.l.

6. Leikinn var aukaleikur við norska landsliðið eftir Evrópukeppnina. Leikurinn fór fram í Keflavík.

Úrslit urðu sem hér segir:

ÍSLAND : NOREGUR	85 : 89
------------------	---------

7. Keppnisferð til Hollands 7. maí til 10. maí 1986.
Boð kom óvænt frá hollenska sambandinu um landsleiki við landslið þeirra, sem var að undirbúa sig fyrir B-keppnina í Belgíu, eins og við.

Leiknir voru tveir landsleikir við Holland.

Úrslit urðu sem hér segir: ÍSLAND : HOLLAND 87 : 94
ÍSLAND : HOLLAND 80 : 98

8. Evrópukeppnin í LIEGE 16. maí til 21. maí 1986 (B-Riðill).
Haldið var af stað í fyrsta skipti í sögu íslensks körfuknattleiks í B-keppni. Andstæðingar okkar voru með mun hærri lið en við og því ólíku saman að jafna. Samt tókst íslenska liðinu að vinna leik og urðu Tyrkir fyrir barðinu á okkar mönnum. Höfðu margir á orði að nú væri hefnt fyrir ránið á TYRKJA-GUDDU.

Úrslit urðu sem hér segir: ÍSLAND : PÓLLAND 56 : 95
ÍSLAND : SVÍÐJÓÐ 65 : 83
ÍSLAND : TYRKLAND 63 : 58
ÍSLAND : UNGVERJALAND 55 : 75
ÍSLAND : ÍSRAEL 64 : 93

ÍSLAND hafnaði í 6. sæti.

Af þessari upptalningu sést að tekist hefur að skapa mikið af verkefnum (leikjum).

Ekki hefði þó verið hægt að framkvæma helminginn af þessum verkefnum, ef ekki hefði komið til velvilji og skilningur hjá nokkrum aðilum á málstað okkar körfuknattleiksmanna.

Má þar nefna fyrirtæki eins og FLUGLEIÐIR, sem gerðu við okkur all góðan auglýsingasamning. AUSTURBAKKA (NIKE umboðið), sem sömuleiðis keypti af okkur auglýsingu og sá um að búningar og útbúnaður væri í lagi. Einnig fyrirtækið HILDA, sem alltaf var tilbúið að útvega okkur gjafir og fatnað þegar á þurfti að halda. Þessum aðilum viljum við í landsliðsnefndinni þakka alveg sérstaklega fyrir ómetanlegan stuðning.

Margir aðrir aðilar hafa stutt okkur og styrkt á einn eða annan hátt s.s. bæjarfélög Njarðvíkur, Keflavíkur og Hafnarfjarðar, Landsbanki Íslands, Sjóvá o.fl. og kunnum við þeim bestu þakki fyrir stuðninginn.

Síðast en ekki síst ber að þakka stjórn KKÍ og þá sérstaklega formanninum Birni Björgvinssyni fyrir góða hjálp.

Ljóst er þegar starfið er gert upp svona á tímamótum eins og nú eru, að allt kostar peninga, hversu góð fyrirheit sem gefin eru fyrirfram. Alltaf virðist koma ákveðinn mismunur í ljós, sem þarf að brúa. Þetta þykir okkur sýna að aðkallandi er fyrir körfknattleiksforystuna að finna, líkt og KSÍ og HSÍ hafa gert, fjársterka aðila sem sjá sér hag í því að styrkja starf KKÍ.

Með körfuboltakveðju

f.h. landsliðsnefndar

Helgi Helgason

Þjóðir sem leikið hefur verið við:

Landslið: NOREGUR	Félagslið frá: SVISS
DANMÖRK	ÞÝSKALANDI
FINNLAND	AUSTURRÍKI
SVÍÐJÓÐ	U.S.A. hásk. lið
LUXEMBORG	
AUSTURRÍKI	
UNGVERJALAND	
TYRKLAND	
ÍRLAND	
SKOTLAND	
PORTÚGAL	
HOLLAND	
PÓLLAND	
ÍSRAEL	

Árangur í mótum:

Polar - Cup.....	4. sæti
Afmælistmót austurríska sambandsins.....	3. sæti
Fjögurra liða mót KKÍ.....	1. sæti
Alþjóðlegt mót í Innsbruck.....	2. sæti
Evrópukeppni C-Riðill Reykjavík.....	1. sæti
Evrópukeppni B-Riðill Liege.....	6. sæti

Fjöldi leikmanna, sem valdir hafa verið í landslið s.l. tvö ár:

Reynir Sandgerði...	1 leikmaður
ÍR.....	2 leikmenn
ÍBK.....	3 leikmenn
VALUR.....	6 leikmenn
KR.....	3 leikmenn
HAUKAR.....	5 leikmenn
UMFN.....	7 leikmenn
FRAM.....	2 leikmenn
Samtals	27 leikmenn

Leikir alls:

Landsliðið hefur leikið alls 46 leiki s.l. tvö ár.
23 leikir hafa unnist.
23 leikir hafa tapast.

Landsleikir alls:

Landsliðið hefur leikið alls 30 opinbera landsleiki.
14 leikir hafa unnist.
16 leikir hafa tapast.
Aðeins tveir leikmenn hafa leikið alla þessa leiki:
Torfi Magnússon og Valur Ingimundarson

Eftirtaldir leikmenn hafa leikið s.l. tvö ár:

Heildarlandsleikjafjöldi er í sviga.

Torfi Magnússon	(120)	Þorvaldur Geirsson	(29)
Tómas Holton	(24)	Pálmar Sigurðsson	(41)
Sturla Örlygsson	(11)	Ólafur Rafnsson	(1)
Leifur Gústafsson	(8)	Ívar Ásgrímsson	(1)
Matthías Matthíasson	(8)	Henning Henningsson	(3)
Einar Ólafsson	(1)	Ívar Webster	(7)
Gylfi Þorkelsson	(3)	Jón Kr. Gíslason	(42)
Árni Lárusson	(6)	Sigurður Ingimundarson	(1)
Ísak Tómasson	(1)	Hreinn Þorkelsson	(26)
Helgi Rafnsson	(1)	Björn Steffensen	(4)
Hreiðar Hreiðarsson	(4)	Ragnar Torfason	(13)
Kristinn Einarsson	(1)	Páll Kolbeinsson	(17)
Valur Ingimundarson	(68)	Guðni Guðnason	(27)
Jóhannes Kristbjörnss.	(1)	Birgir Mikaelsson	(29)
Símon Ólafsson	(89)		

Helgi Helgason tók saman.

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

ÁRSREIKNINGAR

EFNISYFIRLIT

=====

ADALREKSTRARREIKNINGUR	BLS.	1
ADALEFNAHAGSREIKNINGUR	BLS.	2
ÁRSREIKNINGAR STJÓRNAR	BLS.	3 - 7
ÁRSREIKNINGAR LANDSLIÐSNEFNDAR	BLS.	9 - 13
ÁRSREIKNINGAR UNGLINGANEFNDAR	BLS.	15 - 18
ÁRSREIKNINGAR KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR	BLS.	19 - 20
REKSTRARREIKNINGUR EM-NEFNDAR 1986	BLS.	21 - 23

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

AÐALEFNAHAGSREIKNINGUR

PR. 31. MAÍ 1986

EIGNIR

SJÓÐUR OG BANKAINNSTÆÐUR	Kr.	228.315
ÁHÖLD, BÚNINGAR OG KENNSLUTÆKI	"	392.659
SKULDUNAUTAR	"	3.046.177

	Kr.	3.667.151
		=====

SKULDIR

LÁNADROTTNAR	Kr.	3.176.314
EIGNIR UMFRAM SKULDIR 31.MAÍ 1986	"	490.837

	Kr.	3.667.151
		=====

FRAMANSKRÁÐUR AÐALREKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNING
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS ER SAMINN EFTIR
ÁRSREIKNINGUM STJÓRNAR, LANDSLIÐSNEFNDAR, UNGLINGA-
NEFNDAR, KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR SVO OG REKSTRAR-
REIKNINGI EM-NEFNDAR 1986. ALLA FRAMANGREINDA
REIKNINGA HÖFUM VIÐ ENDURSKOÐAÐ.

REYKJAVÍK, 8.JÚNÍ, 1986.



Gunnar Gunnarsson



Sigurður Valur Halldórsson

STJÓRN K.K.Í.

EFNAHAGSREIKNINGUR FR. 31. MAÍ 1986

EIGNIR:

BANKAINNISTÆÐUR	kr.	183.449
SKULDUNAUTAR	(6) "	611.597
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN OG ÁHÖLD	"	64.204
KENNSLU- OG FRÆÐSLUGÖGN	(7) "	264.310
ÓINNHEIMTAR AUGLÝSINGAR	(8) "	339.375

	Kr.	1.462.935
		=====


SKULDIR:

SAMÞYKKTIR VÍXLAR	Kr.	35.000
LÁNADROTTNAR	(6) "	1.400.486
EIGNIR UMFRAM SKULDIR 31.MAÍ 1986	(9) "	27.448

	Kr.	1.462.935
		=====

Við undirritaðir höfum yfirfarið framan-
skráðan ársreikning Körfuknattleikssambands
Íslands, sem saminn er eftir bókhaldi þess.
Álitum við að reikningurinn gefi rétta mynd
af efnahag sambandsins í lok maí og veiti
nægilegar upplýsingar um rekstur þess á
síðasta ári.

Reykjavík 8.júní, 1986



Gunnar Gunnarsson



Sigurður Valur Halldórsson

STJÓRN KÍ - SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM (FRH):

(6) SKULDUNAUTAR OG LÁNADROTTNAR.

ÁRVAKUR	kr.	5.750	
BRÆÐUR	"	2.094	
BORGARPRENT			kr. 25.664
DÓMARANEFND			" 102.083
ESJA	"	4.500	
FLUGLEIÐIR			" 878.029
FRAM	"	16.277	
HAUKAR	"	2.292	
HÖRÐUR	"	9.800	
ÍSÍ	"	433.217	
ÍBR			" 205.835
ÍBK	"	1.200	
ÍME	"	7.200	
ÍR	"	11.717	
ÍS	"	1.300	
KR			" 3.101
KFÍ	"	5.205	
LANDSLIÐSNEFND			" 163.214
LÉTTIR	"	2.750	
REYNIR	"	4.639	
SÍS			" 9.000
UÍA	"	4.500	
UMFG			" 2.190
UMFN			" 200
UMFS			" 3.768
UNGLINGANEFND	"	99.156	
VALUR			" 1.736
VÍKINGUR, ÓLAFSVÍK			" 1.500
DÓR			" 4.166

	kr.	611.597	kr. 1.400.486
		=====	=====

(7) KENNSLU- OG FRÆÐSLUGÖGN.

KENNSLUEFNI F.F.ÁRI	kr.	200.965
KEYPT OG PRENTAÐ Á ÁRINU	"	11.756


ENDURMATSHÆKKUN	kr.	212.721
	"	51.589

	kr.	264.310
		=====

(8) ÓINNHEIMTAR AUGLÝSINGAR.

LEIJSKRÁ EM	kr.	311.875
LEIJSKRÁ ÍSLANDSMÓTS	"	24.500
FRÉTTABRÉF	"	3.000

	kr.	339.375
		=====



LANDSLIÐSNEFND K. K. Í.

EFNAHAGSREIKNINGUR PR. 31. MAÍ 1986

EIGNIR:

ÁVÍSANAREIKN.NR.46654 LB	Kr.	28.488
STYRKIR ÓINNKOMNIR	"	660.340
KKÍ	"	163.215
KVENNALANDSLIÐSNEFND	"	17.937
SKULDIR UMFRAM EIGNIR 31.MAÍ 1986..... (11)	"	420.429

Kr. 1.290.409

=====

SKULDIR:


SAMÞYKKTIR VÍXLAR	Kr.	150.000
ÓGREIDDUR KOSTNAÐUR	"	1.140.409

Kr. 1.290.409

=====

Við undirritaðir höfum yfirfarið framan-
skráðan ársreikning landsliðsnefndar KKÍ
Íslands, sem saminn er eftir bókhaldi hennar.
Álítum við að reikningurinn gefi rétta mynd
af efnahag nefndarinnar í lok maí og veiti
nægilegar upplýsingar um rekstur hennar á
síðasta starfsári.

Reykjavík 8.júní, 1986.



Gunnar Gunnarsson



Sigurður Valur Halldórsson

LANDSLIÐSNEFND - SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM (FRH):

(6) EM B-KEPPNI BELGÍU.

FARGJÖLD	kr.	263.479	
GISTIKOSTNAÐUR	"	164.280	
AKSTUR	"	34.683	
MERKI, FÁNAR	"	14.350	
HÚSALEIGA	"	16.964	
ANNAR KOSTNAÐUR	"	24.631	

	kr.	518.387	=====

(7) FJÖGURRA LIÐA MÓT JANÚAR 1986.

TEKJUR AF LEIKJUM	kr.	101.011	
STYRKIR BÆJARFÉLAGA	"	90.000	
LEIKSKRÁ	"	15.000	kr. 206.011

GISTIKOSTNAÐUR	kr.	100.104	
FÆÐISKOSTNAÐUR	"	84.338	
AKSTUR	"	45.190	
FÁNAR, MERKI, GJAFIR	"	6.102	
DÓMARAKOSTNAÐUR	"	9.900	kr. 245.634

	kr.	(39.623)	=====

(8) PRESSULEIKIR.

TEKJUR AF LEIKJUM	kr.	94.711	
HÚSALEIGA, AUGLÝSINGAR OFL.	kr.	8.716	
HLUTUR ÍPRÓTTAFRÉTTAMANNA	"	23.498	" 32.214

	kr.	62.497	=====

(9) ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR.

ÞJÁLFAHALAUN	kr.	425.201	
AKSTUR	"	18.485	
SJÚKRAVÖRUR	"	6.058	
NUDD OFL.	"	33.100	
ANNAR KOSTNAÐUR	"	5.088	

	kr.	487.932	=====

(10) STYRKIR ÓINNKOMNIR.

FLUGLEIÐIR	kr.	175.340	
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI V.EM	"	400.000	
ÝMIS BÆJARFÉLÖG OG FYRIRTÆKI	"	45.000	
ÝMIS BÆJARFÉLÖG V.UTANFERÐA LEIKMANNA	"	40.000	

	kr.	660.340	=====



UNGLINGANEFND K.K. Í.

EFNAHAGSREIKNINGUR PR. 31. MAÍ 1986EIGNIR:

BANKAREIKNINGAR	"	1.601
BÚNINGAR OG ÁHÖLD	"	64.145
VÍXILEIGN	"	15.180
SKULDUNAUTAR	"	23.400
SKULDIR UMFRAM EIGNIR 31.MAÍ 1986 (7)	"	305.316

	Kr.	409.642
		=====


SKULDIR:

SAMPYKKTIR VÍXLAR	kr.	84.440
ÓGREIDD ÞJÁLFARALAUN	"	226.046
KKÍ	"	99.156

	Kr.	409.642
		=====

Við undirritaðir höfum yfirfarið framan-
skráðan ársreikning unglínganefndar KKÍ
sem saminn er eftir bókhaldi hennar.
Álitum við að reikningurinn gefi rétta mynd
af efnahag nefndarinnar í lok maí og veiti
nægilegar upplýsingar um rekstur hennar á
síðasta starfsári.

Reykjavík 8.júní, 1986.



Gunnar Gunnarsson



Sigurður Valur Halldórsson

UNGLINGANEFND - SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM (FRH):

(6) EVRÓPUMÓT PILTA 1986.

INNBORGÐ AF LEIKMÖNNUM		kr. 212.330
FERÐAKOSTNAÐUR	kr. 346.600	
GISTING	" 13.964	
ÞÁTTÖKUGJALD FIBA	" 10.649	
TRYGGINGAR	" 14.085	
SÍMKOSTNAÐUR, BURÐARGJÖLD	" 4.006	
MERKI, FÁNAR, GJAFIR	" 4.625	" 393.929

		kr. (181.599)
		=====

(7) SKULDIR UMFRAM EIGNIR 31.MAÍ 1986.

SKULDIR UMFR.EIGNIR 1.MAÍ 1985		kr. 203.092
AFSKRIFUÐ SKULD KKÍ F.F.ÁRI		" (50.000)
GJÖLD UMFRAM TEKJUR SKV.REKSTRARREIKN.		" 152.224

		kr. 305.316
		=====

KVENNALANDSLIÐSNEFND - SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM:

(1) AUGLÝSINGABLAÐIÐ "UPPKAST".

AUGLÝSINGATEKJUR		kr.	253.000
PRENTUN, ÚTLITSHÖNNUN	kr.	49.848	
DREIFINGARKOSTNAÐUR	"	3.143	" 52.991

			kr. 200.009
			=====

(2) LOKAHÓF.

SELDIR MIÐAR		kr.	30.200
STEF-LEYFI	kr.	1.350	
FATAGÆSLA	"	1.500	
ANNAR KOSTNAÐUR	"	390	kr. 3.240

			kr. 26.960
			=====

(3) SVÍÐJÓÐARFERÐ.

FERÐAKOSTNAÐUR		kr.	189.587
GISTIKOSTNAÐUR	"	9.853	
GJAFIR, FÁNAR, MERKI	"	4.938	
AKSTUR	"	10.477	
ÁSETN. AUGLÝS. Á. BÚNINGA	"	10.293	
FERÐATRYGGING	"	11.939	
HÚSALEIGA V. ÆFINGA	"	2.000	
SJÚKRAVÖRUR	"	2.143	
ANNAR KOSTNAÐUR	"	1.289	

			kr. 242.519
			=====

(4) SKULDUNAUTAR.

NJARÐVÍKURBÆR		kr.	3.000
RÆKJUVER HF	"	3.000	
STEINDÓR SIGURÐSSON	"	2.000	
SKIPASMÍÐASTÖÐIN DRÖFN	"	2.000	
BLIKKSM. MAGNÚSAR THORV.	"	2.000	
LOFTORKA SF.	"	2.000	
SUÐURFJARÐARHREPPUR	"	2.000	
VÉLSMÍÐJAN ÞÓR	"	2.000	
RÖRVERK	"	2.000	
NIÐURSUÐUVERKSM. O. N. OLSEN	"	2.000	
VERSLUNIN VALBERG	"	2.000	
ÚTGERÐARFÉL. SÆBERG	"	2.000	

			kr. 26.000
			=====

EM-NEFND 1986 - SKÝRINGAR MEÐ REKSTRARREIKNINGI:

(1) AUGLÝSINGAR.

HAGVIRKI	kr.	45.000
OLÍUFÉLAGIÐ HF	"	45.000
LANDSBANKINN	"	40.875
OLÍUFÉLAGIÐ SKELJUNGUR HF	"	40.875
ALMENNAR TRYGGINGAR HF	"	38.429
HAGKAUP	"	36.500
KREDITKORT SF	"	36.500
ARNARFLUG	"	30.000
NÓI - SIRIUS	"	30.000
SMJÖRLÍKI HF	"	30.000
SPRON	"	30.000
VISA - ÍSLAND	"	30.000
ORA	"	20.000
BÍLALEIGA AKUREYRAR	"	18.000
EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS HF	"	18.000
REYKJAVÍKURBORG	"	13.500
GRINDAVÍKURBÆR	"	13.000
AKUREYRARBÆR	"	10.000
KEFLAVÍKURBÆR	"	10.000
NJARÐVÍKURBÆR	"	10.000
VERZLUNARBANKINN	"	8.000
AKRAPRJÓN	"	6.500
BRAUÐ HF	"	6.500
ÚTVEGSBANKINN	"	6.500
SJÓVÁ HF	"	6.500
VELTIR HF	"	6.500
VORFLUTNINGAMIDSTÖÐIN	"	6.500
BSÍ	"	6.000
AKRANESBÆR	"	5.000
FJÖÐRIN HF	"	5.000
HAFNARFJARÐARBÆR	"	5.000
HÚSAVÍKURBÆR	"	5.000
KÓPAVOGSBÆR	"	5.000
GETRAUNIR	"	4.000
HITAVEITA SUÐURNESJA	"	4.000
STYKKISHÓLMSHREPPUR	"	4.000
GYLMIR - AUGLÝSINGASTOFA	"	3.500
ÓLAFSVÍKURBÆR	"	3.000
BÆJARSJÓÐUR GARÐABÆJAR	"	3.000
BORGARNESHREPPUR	"	3.000
BÚNAÐARBANKINN	"	3.000
ESKIFJARÐARBÆR	"	3.000
HAFNARHREPPUR	"	3.000
MIÐNESHREPPUR, SANGERÐI	"	3.000
MOSFELLSHREPPUR	"	3.000
SAMVINNUBANKINN	"	3.000
SKRIFSTOFUVÉLAR HF	"	3.000
VESTMANNAEYJABÆR	"	3.000
ÁHALDALEIGA SUÐURNESJA	"	2.500
BLÖNDUÓSHREPPUR	"	2.000
BOLUNGARVÍKURBÆR	"	2.000
HAPPDRETTI DAS	"	2.000
ÍSAFJARÐARBÆR	"	2.000
PATREKSFJARÐARHREPPUR	"	2.000
ÁFENGISVARNARRÁÐ	"	1.000
OFNASMIÐJA KÓPAVOGS	"	1.000
SPORTVAL	"	1.000
VÉLSMIÐJA OL.OLSEN	"	1.000

kr. 688.679

=====

